

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 64/2004

frá 26. apríl 2004

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2004 frá 19. mars 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1889/2002 frá 23. október 2002 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 448/98 um viðbætur og breytingar á reglugerð (EB) nr. 2223/96 að því er varðar skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM) innan evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (EPK) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 2) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19dc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2002) í XXI. viðauka við samninginn:

„19dd. **32002 R 1889**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1889/2002 frá 23. október 2002 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 448/98 um viðbætur og breytingar á reglugerð (EB) nr. 2223/96 að því er varðar skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM) innan evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (EPK) (Stjtið. EB L 286, 24.10.2002, bls. 11).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.
- b) Reglugerð þessi gildir í Noregi frá 1. janúar 2006.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1889/2002, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 144 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 22, 29.4.2004, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EBL 286, 24.10.2002, bls. 11.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.